

kveðinn 11. jan. 1978, og krefst fjárnáms til tryggingar dóm-skuldinni, kr. 220.000 auk 2.5% mánaðarvaxta frá 1. mars 1977 til 1. ágúst s. á., en með 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.000 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 42.200 í málskostnað, kr. 5.000 fyrir beiðni, kr. 1.650 í birtingar- og endurritskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli, Jósafat Arngrímsson, er mættur í réttinum og samþykkir, að gerðin fari hér fram.

Fógeti leiðbeindi mætta, sem er ólöglærður. Skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda húseign, Hafnargötu 31, 2. hæð, í Keflavík.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindri eign til tryggingar framangreindum kröfum og öllum kostnaði, áföllnum og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta, að ekki mætti ráðstafa hinu fjárumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsíábyrgð að lögum.

Upplesið. Játað rétt bókað.

S. H. Valdimarsson. Jósafat Arngrímsson.

Gerðinni lokið.

Mánudaginn 9. apríl 1979.

Nr. 71/1979. Ákærvaldið

gegn

Lóu Fanneyju Valdimarsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 3. apríl 1979 hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar. Gögn máls bárust Hæstarétti 3. s. m. Í bréfi ríkissaksóknara 4. þ. m. er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði með skírskotun til forsendna hans staðfestur, „þó þannig, að gæsluvarðhaldsvistin verði eigi lengri en til miðvikudagsins 18. apríl 1979, kl. 17.“ Í greinargerð skipaðs verjanda varnaraðilja, er barst Hæstarétti 5. þ. m., er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Hinn 6. þ. m. bárust Hæstarétti ljósrit skýrslna, sem teknar höfðu verið af varnaraðilja hinn 4. s. m. og Þráni Hleinari Kristjánssyni hinn 5. s. m. Enn fremur barst nú í dag viðbótarskýrsla rannsóknarlögreglu um yfirheyrslu á Þráni Hleinari svo og framhaldsgreinargerð skipaðs verjanda varnaraðilja.

Varnaraðili var sambýliskona Svavars heitins Sigurðssonar, sem Þráinn Hleinar Kristjánsson hefur viðurkennt að hafa svipt lífi sunnudaginn 1. þ. m. á efstu hæð hússins nr. 34 við Hverfisgötu hér í borg. Er verknaður þessi var framinn, var varnaraðili í húsi þessu, á efstu hæð þess. Svo sem í hinum kærða úrskurði greinir, var varnaraðili ásamt nefndum Þráni og Margréti Hermannsdóttur færð í fangaeymslu lögreglunnar um kvöldið greindan sunnudag. Mánudaginn 2. þ. m., klukkan 1115, kom varnaraðili fyrir rannsóknarlögreglu, og var tekin af henni skýrsla um málsatvik. Skýrði hún þá svo frá, að hún hefði ekki vitað af því, þegar sambýlismanni hennar var banað á heimili þeirra daginn áður. Hafi hún fyrst fengið vitneskju um þetta, er hún hafði verið færð í fangaeymslu.

Síðar sama dag kom varnaraðili fyrir dóm. Kvað hún nú skýrslu þá, sem hún gaf fyrir rannsóknarlögreglu fyrr um daginn, ranga í verulegum atriðum, en neitaði sem fyrr að hafa átt hlut að því að bana Svavari Sigurðssyni.

Í skýrslu, sem rannsóknarlögregla tók af varnaraðilja 4. þ. m., skýrði hún svo frá, að hún hefði síðast séð til þeirra Svavars heitins og Þráins Hleinars í eldhúsi í íbúð hennar

og Svavars. Hafi Þráinn þá verið með hníf í hendi og otað honum að brjósti eða kviði Svavars. Kvaðst hún hafa orðið ofsahrædd og farið yfir í íbúð Þráins Hleinars, sem er á sömu hæð. Hafi hún sagt Margréti Hermannsdóttur, sem þar var, „að Þráinn ætlaði að ganga frá Svavari“. Hún hafi svo heyrt vein og stuttu síðar hafi Þráinn komið í íbúðina til þeirra og sagt: „Þetta er búið“. Síðan hafi hún gengið yfir í íbúð sína og séð Svavar heitinn á eldhúsgólfinu í blóði sínu.

Í rannsókn málsins kemur fram, að rétt hafi verið um að koma líkinu undan. Rannsókn þessa atriðis er eigi lokið, og eru framburðir ekki á einn veg um nokkur atriði máls, er verulega þýðingu kunna að hafa.

Að þessu athuguðu þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til, þó svo, að varnaraðili sæti eigi gæsluvarðhaldi lengur en til miðvikudagsins 18. apríl 1979, klukkan 1700.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður, þó þannig, að gæsluvarðhaldstími varnaraðilja, Lóu Fanneyjar Valdimarsdóttur, verði eigi lengri en til miðvikudagsins 18. apríl 1979, klukkan 1700.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1979.

Ár 1979, mánudaginn 2. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að í gærkvöldi, laust fyrir kl. 2200, kom Hákon Elías Kristjánsson á miðborgarstöð lögreglunnar í Reykjavík og skýrði frá því, að Þráinn Kristjánsson, Hverfisgötu 34, hefði tjáð sér, að hann hefði orðið manni að bana í húsinu nr. 34 við Hverfisgötu í Reykjavík.

Lögreglan í Reykjavík fór þegar á vettvang og fann í íbúð á efstu hæð hússins að tilvísan Þráins Kristjánssonar karlmannslík, sem reyndist vera af Svavari Sigurðssyni, fæddum 13. nóvember 1922, þar til heimilis. Á líkinu voru miklir áverkarnir á kviði, brjósti og hálsi eftir hníf, og hefur kærði, Þráinn Kristjánsson, viðurkennt að vera valdur að áverkum þessum. Rannsóknar-

lögregla ríkisins var kvödd á staðinn, en kærði Práinn var fluttur ásamt kærðu og Margréti Hermannsdóttur í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík.

Kærði Práinn viðurkenndi við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og nú fyrir dómi að hafa orðið Svavari Sigurðssyni að bana.

Við frumrannsókn lögreglu hefur ýmislegt komið fram, sem bendir til þess, að til einhvers konar ráðagerða hafi komið milli kærðu, Lóa Fanneyjar, og kærða Práins um að bana Svavari Sigurðssyni. Eftir lát Svavars hafa og verið tilgreind ummæli þeirra, sem benda enn fremur til einhvers konar ráðagerða af þeirra hálfu um að leynd þeim verknaði, en frásagnir þeirra sjálfra eru óljósar að ýmsu leyti og misræmi milli þeirra.

Grunsemdir beinast að því, að kærða hafi með einhverju liðsinni í orði eða verki átt þátt í þeim verknaði Práins að bana Svavari Sigurðssyni.

Með vísan til framanritaðs og með skírskotun til 1. og 4. tl. 67. gr. laga 74/1974 þykir rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærðu, og skal hún sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 2. maí 1979, kl. 1700.

Brot það, sem kærða er sökuð um, gæti varðað hana fangelsisrefsingu skv. ákvæðum XXIII. kafla alm. hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærða, Lóa Fanney Valdimarsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 2. maí 1979, kl. 1700.